



Fundargerð – 526. stjórnarfundur Kölku

Fundur í stjórn Kölku sorpeyðingarstöðvar sf. var haldinn þriðjudaginn 1. júní 2021, kl. 17:00.

Fundurinn var haldinn í fundarsal Kölku.

Mættir: Önnundur Jónasson sem stýrði fundi, Ásrún Kristinsdóttir, Inga Rut Hlökkversdóttir, Laufey Erlendsdóttir, Páll Orri Pálsson sem ritaði fundargerð og Steinþór Þórðarson.

Dagskrá:

1. Verkaskipting stjórnar.
2. Skýrsla framkvæmdastjóra.
3. Endurnotkun og endurnýting – samstarf við Fjölsmiðjuna og Furu.
4. Endurvinnsluhlutföll – söfnun frá heimilum. Drög að aðgerðum.
5. Önnur mál.

1. Verkaskipting stjórnar: Stjórnarformaður lagði til að verkaskipting haldist óbreytt. Var sú tillaga samþykkt einróma.

2. Skýrsla framkvæmdastjóra:

1. Öryggismál: Öryggisatvik eru enn allt of tíð og í júní varð talsvert tjón á eignum en engin meiðsl. Mikil áhersla er lögð á skráningu atvika, úrvinnslu og eftirfylgni með fyrirbyggjandi aðgerðum.
2. Framkvæmdastjóri fór yfir 9 umbótaverkefni sem unnin hafa verið frá síðasta fundi og tengjast öryggismálum og rekstri almennt.
3. Brennsla og afköst. Afköst í brennslu voru vel yfir sama mánuði í fyrra, fyrri hluta mánaðarins en álíka mikil frá 16. maí. Helstu skýringar eru óheppilegt brennsluefni og hlé á innmötun vegna viðhalds á krabba.
4. Framkvæmdastjóri greindi frá fundum með hugsanlegum samstarfsaðila vegna hreinsunar botnösku og nýtingu endurvinnsluefnis sem Kalka hefur ekki farveg fyrir í dag.
5. Framkvæmdastjóri upplýsti að fyrstu grenndargámarnir sem pantaðir voru á Suðurnes eru komnir til landsins og á leið í merkingarferli.

3. Endurnotkun og endurnýting – samstarf við Fjölsmiðjuna ofl.

Framkvæmdastjóri sagði frá vettvangsferð starfsmanna Kölku og Fjölsmiðjunnar í Góða hirðinn og Efnismiðlun Góða hirðisins og áætlunum um aukið samstarf Fjölsmiðjunnar og Kölku.

4. Endurvinnsluhlutföll – söfnun frá heimilum. Drög að aðgerðum.

Stjórn ræddi hugmyndir að aðgerðum til þess að auka hlutfall endurvinnsluúrgangs. Möguleikir um markaðssamstarf við samstarfsaðila ræddir ásamt því að auka kynningarefni frá Kölku.

5. Önnur mál: Engin önnur mál.

Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum og honum slitið kl. 19:00.

Næsti fundur er áætlaður þriðjudaginn 10. ágúst 2021.

Fundargerð samþykkt með undirskriftum.

Önundur Jónasson

Ásrún Kristinsdóttir

Laufey Erlendsdóttir

Páll Orri Pálsson

Inga Rut Hlöðversdóttir

Steinþór Þórðarson